



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Menningar- og íþróttaráð Reykjavíkur

Reykjavík 2. október 2023.

Efni: Takmörkun á viðburðum í Laugardalshöll.

Aðstaða fyrir íþróttastarf í og í kringum Laugardal fyrir Ármann í körfubolta og Þrótt í blaki og handbolta er ekki nægjanleg. Úrlausnir eru í sjónmáli en þær verða ekki að veruleika fyrir en eftir nokkur ár. Á meðan er mikilvægt að leita leiða til að bæta stöðuna eins og mögulegt er. Það fellur mikið niður af tímum í Höllinni og það er skortur á æfingatímum sérstaklega fyrir körfubolta. Ármenningar telja sig geta leyst mikið af sínum vandamálum með fleiri tímum um helgar í Laugardalshöll.

Eitt af því sem hefur verið til umræðu til úrlausnar er að takmarka viðburðahald í Laugardalshöll (gömlu Höllinni – parketsalur). Þetta væri hægt að gera með tvennum hætti: Annars vegar að fækka íþróttaviðburðum og hinsvegar að fækka þeim dögum sem Íþrótt- og sýningarhöllin hefur til að leigja út samkvæmt samningi á tímabilinu 1. september til 30. apríl.

Varðandi fyrri hugmyndina, að taka út alla íþróttaviðburði sem ekki þurfa nauðsynlega að vera í gömlu Höllinni, þá myndi það þýða að allir landsleikir myndu halda sér enda ekki annað í boði vegna reglna. Hinsvegar færu út ýmis íþróttamót eins og dansmót, júdomót, bikarhelgar í körfu og handbolta o.fl.. Það kom í ljós þegar Höllin var lokað vegna viðgerða að þessir viðburðir gátu farið fram í öðrum mannvirkjum þannig að tæknilega ætti þetta ekki að vera vandamál.

Síðari hugmyndin, að fækka viðburðadögum sem ÍSH hefur t.d. um helming, myndi án efa fela í sér aukinn kostnað fyrir Reykjavíkurborg. Spurningin er hvort að það komi til greina að Reykjavíkurborg hækki rekstrarframlag vegna gömlu Hallarinnar til að mæta minni tekjumögleikum ÍSH?

Stjórn ÍBR óskar eftir því að við allra fyrsta tækifæri verði sett af stað sameiginleg vinna af hálfu Menningar- og íþróttasviðs og skrifstofu ÍBR þar sem settar verði fram tillögur til úrlausnar sem síðan verði lagðar fyrir Menningar- og íþróttaráð og stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í síðasta lagi fyrir 10. desember n.k.

Með kveðju,
f.h. stjórnar ÍBR

Ingvar Sverrisson
Formaður